

Fundargerð 87. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 6. mars 2023, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Samskiptaáætlun stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál 2023
2. Áhersluverkefni landshluta
3. Brothættar byggðir – málaflokkar HVIN

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Hafþór Einarsson (MRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Pétur Berg Matthíasson (FOR, fór 13:50) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Þórarinn Sólmundarson (HVIN).

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Berglind Kristinsdóttir (landshlutasamtökunum, vegna umfjöllunar um áhersluverkefni), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. **Samskiptaáætlun stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál 2023.** Á síðasta fundi voru rædd drög að samskiptaáætlun stýrihópsins og var formanni og verkefnisstjóra falið að vinna þau áfram og senda hópnum til staðfestingar. Ný drög voru send fyrir fundinn og gerir stýrihópurinn ekki athugasemdir við þau. Samskiptaáætlunin verður send landshlutasamtökum sveitarfélaga til upplýsingar.
2. **Áhersluverkefni landshluta.** Stýrihópnum höfðu borist alls 28 ný áhersluverkefni frá fimm landshlutum. Áhersluverkefnin eru fjölbreytt og snerta málaflokkasvið flestra ráðuneyta. Flest þeirra heyra til málaflokka IRN, MVF, MRN og URN. Afgreiðsla verkefna var með þessu hætti:
SSV, fjögur verkefni og öll staðfest.
FV, fimm verkefni, öll staðfest en með ábendingum í þremur tilvikum.
SSNE, tíu verkefni. Átta voru staðfest, þar af fjögur með ábendingum, en tveimur frestað til að leita frekari upplýsinga.
SASS, sex verkefni, öll staðfest og þar af tvö með ábendingum.
SSH, þrjú verkefni, öll staðfest og þar af eitt með ábendingum.
Tvö landshlutasamtök, SSNV og SSA, leggja ekki fram ný verkefni í ár og SSS skilar sínum verkefnum í lok mars.
Að vanda urðu allnokkrar umræður um verkefnin, bæði einstök verkefni og almennt. Meðal annars var umræða um verkefni sem mætti telja til almenns rekstrar landshlutasamtakanna og verkefni sem hafa verið í gangi yfir margra ára tímabil. Þá var rætt um hver sýn stjórnvalda væri á hlutverk landshlutasamtakanna. Stýrihópurinn er sammála um að taka þessi mál upp með landshlutasamtökunum í tengslum við endurnýjun samninganna og gerð nýrra sóknaráætlana.
3. **Brothættar byggðir – málaflokkar HVIN.** Þessum lið var frestað til næsta fundar vegna þess hve mikill tími fór í lið 2.

Næsti fundur er áætlaður 3. apríl en verður mögulega færður til þar sem hann er í dymbilviku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30